

# Sólvangur

## Þjónustumiðstöð eldri borgara

### Félagsstarf aldraðra

Í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 segir að þjónustumiðstöðvar aldraðra séu starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.

Sólvangur væri heppileg staðsetning fyrir þjónustumiðstöð aldraðra í Hafnarfirði. Nálægð við heilsugæsluna og væntanlegt hjúkrunarheimili skapar hér góð tækifæri til öflugrar þjónustu við aldraða.

### Mötuneyti

Í þjónustumiðstöð yrði starfrækt mötuneyti sem opið yrði öllum bæjarbúum.

### Sjúkraþjálfun

Í þjónustumiðstöð yrði aðstaða fyrir sjúkraþjálfun.

### Dagdvöl fyrir aldraða

Dagdvöl tók til starfa á Sólvangi í byrjun sumars 2013. Þar eru nú 8 pláss sem rekin eru af daggjöldum frá ríki. Velferðarráðuneytið hafnaði beiðni um fjölgun rýma í byrjun árs 2015. Sótt verður aftur um fjölgun rýma en stefna ríkisvaldsins hefur hin síðari ár verið að styrkja dagþjónustu við aldraða.

### Dagþjálfun fyrir heilabilaða

FAAS rekur heilabilun fyrir aldraða sem er starfandi í Drafnarhúsinu við Strandgötu. Æskilegt væri að fara í viðræður um að flytja dagþjálfunina í Sólvang og samnýta þá þjónustu sem þar verður fyrir hendi.

### Miðstöð heimaþjónustu

Sólvangur væri heppileg miðstöð fyrir heimaþjónustu sveitarfélagsins. Skipulagning heimaþjónustu og stjórnun hefði þar aðsetur auk þess sem starfsfólk þjónustunnar hefði þar starfsstöð. Nálægð við heilsugæsluna er hér ótvíræður kostur sem býður uppá aukna samvinnu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

### Félag eldri borgara-Öldungaráð

Skrifstofuaðstaða fyrir þessa aðila.

### Heilsugæslan Sólvangi

Í viðræðum við stjórnendur heilsugæslunnar Sólvangi hefur komið fram að heilsugæslan er í brýnni þörf fyrir aukið húsrými. Eins og staðan er nú leigir heilsugæslan rými af Sólvangi og er í þörf fyrir aukið pláss. Hefur verið óskað eftir því að hugað verði að aðkomu heilsugæslunnar við mótun framtíðarsýnar fyrir Sólvang.

Júní 2015

Rannveig Einarsdóttir.